

FRAMKÖLLUN FÆÐINGAR

Þegar ákveðið hefur verið að framkalla fæðingu sendir ljósmóðir eða læknir beiðni/hefur samband á væntanlegan fæðingarstað. Ljósmóðir á fæðingarstað hefur síðan samband við konuna varðandi dagsetningu, tíma og hvert konan mætir.

Algengast er að framkalla fæðingu með lyfjum, en í ákveðnum tilfellum er það gert með því að setja litla blöðru upp í leghálsinn. Rúmmál hennar er aukið smám saman og leghálsinn víkkaður þannig. Stundum er hægt að gera belgjarof strax.

HELSTU ÁBENDINGAR

- Meðgöngulengd
- Meðgöngusyksýki
- Háþrýstingur
- Meðgöngueitrun
- Vaxtarseinkun fósturs
- Blóðflokkamisræmi
- Alvarlegur gallstasi
- Sálfélagslegar ástæður
- Aldur móður 40 ára og eldri

ANGUSTA®

Lyfið Angusta® sem er notað er tekið um munn. Konur svara meðferðinni misfljótt, sumar konur fá byrjandi samdrætti eða túrverki innan fárra tíma, hjá öðrum tekur það lengri tíma. Ef hríðar hefjast ekki á fyrsta sólarhring heldur meðferðin áfram næsta sólarhringinn.

Ef ekki eru komnar hríðar eftir 2 sólarhringa gæti þurft að endurskoða gangsetningaraðferðina.

ÁBENDINGAR FYRIR AÐRAR AÐFERÐIR

- Ör á legi
- Biskup einkunn ≥ 8